



Egilsstaðaskóli

# Sjálfsmatsskýrsla

2022 - 2023



Gleði - virðing - metnaður

## Sjálfsmatsskýrsla Egilsstaðaskóla

Inngangur	bls. 3
Skólinn	bls. 4
Viðfangsefni mats á skólastarfi	bls. 5
Kannanir Skólapúlsins og Íslenska æskulýðsrannsóknin	bls. 5
○ Skólapúlsinn 2. – 5. bekkur /ÍÆ- 4. – 5. bekkur	bls. 6
○ Skólapúlsinn og ÍÆ í 6. – 10. bekk	bls. 7
○ Foreldrar og forráðamenn	bls. 10
○ Starfsfólk	bls.11
Þróunarstarf – skimanir	bls. 14
Samstarf við aðila utan skólans	bls. 16
Styrkleikar og veikleikar	bls. 17
Samantekt	bls. 18
Fylgiskjöl:	
1. Fimm ára matsáætlun 2024 – 2029	bls. 19
2. Úrbótaáætlun fyrir skólaárið 2023 – 2024	bls. 20

**Forsíðumyndin** er tekin af nemendum í 8.bekk og var hluti seríu í ljósmyndamaraboni á vordögum. Heiti myndarinnar er *Hugrekki*. Aðrar myndir í skýrslunni eru úr sama ljósmyndamaraboni eða myndir teknar af kennurum úr skólastarfinu.

## Inngangur

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er í VIII. kafla, 35. og 36. grein kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólastarfsins. Það skal gert með kerfisbundnum hætti. Þetta er svokallað innra mat, þ.e. þeir sem starfa í skólanum og að skólastarfinu leggja mat á starf sitt, kennsluna, námið, aðbúnað og almennt þá þjónustu sem veitt er í skólanum. Tilgangurinn með þessu er að finna það sem vel er gert, finna það sem þarf að laga og auka þannig enn frekar gæði starfsins og tryggja að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á lögum samkvæmt. Niðurstöður úr innra mati á að birta opinberlega. Skv. 37. grein sömu laga bera sveitarfélög ábyrgð á að innra mat sé framkvæmt og útbótum sé fylgt eftir.

Í Egilsstaðaskóla er unnið eftir matsáætlun, sem sett er fram til 5 ára í senn. Margvíslegum gögnum er safnað vegna innra mats: Með hefðbundnum könnunum *Skólapúlsins* fyrir nemendur, foreldra/forráðamenn og starfsmenn en auk þess er lagt mat á marga þætti í skólastarfinu s.s. í margvíslegum verkefnum, viðburðum á vegum skólans, lesfimiþrófum Menntamálastofnunar, skimunarþrófum í lestri og stærðfræði auk annars s.s. starfsmannasamtala, tengslakannana meðal nemenda ofl.



Niðurstöður innra mats skólans skólaárið 2022 - 2023 eru birtar í þessari matsskýrslu. Skýrslan er kynnt í skólaráði og fjölskylduráði Múlaþings. Auk þess eru einstakir þættir kynntir nemendum, starfsmönnum og foreldrum. Matsskýrsla skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Viðmið skólans um árangur er að 80% svörunar falli undir efstu tvo svarmöguleika af fjórum eða fimm. Fari svörun undir 80% er safnað frekari gögnum og/eða gerðar sérstakar áætlanir um úrbætur.

Skýrslan er þannig uppbyggð að fremst eru nokkrar staðreyndir um skólann og tilhögun skólastarfsins í vetur. Þá er yfirlit yfir matsþætti í skólastarfinu og farið sérstaklega yfir niðurstöður úr Skólapúlsinum og Íslensku æskulýðsrannsókninni. Farið er yfir niðurstöður lesfimiþrófa, auk þess sem fjallað er um ytri tengsl við aðila utan skólans.

Stjórnendateymi hélt utan um vinnu við sjálfsmat skólaárið 2022 – 2023. Niðurstöður Skólapúlsins voru kynntar gróflega fyrir starfsfólki á starfsdögum í júní sl. og ræddar leiðir til úrbóta.

## Skólinn

Egilsstaðaskóli er heildstæður grunnskóli fyrir 1. – 10. bekk.

Grunngildi skólans eru gleði, virðing og metnaður. Í skólastarfinu er lögð sérstök áhersla á virka nemendur, teymiskennslu og list- og verkgreinar.

Egilsstaðaskóli hefur starfað frá stofnun þéttbýlis á Egilsstöðum 1945, fyrst í heimahúsum, en starfsemin hófst í fyrsta hluta skólahúsnæðisins árið 1957. Síðan þá hefur húsnæðið tekið miklum breytingum og byggt við í nokkrum áföngum. Í skólanum eru nú 24 kennslustofur auk sérgreinastofa. Ein kennslustofa hefur þó verið ónothæf frá hausti 2022 vegna lyktar, sem enn finnst ekki skýring á. Frístund er starfrækt í skólanum fyrir börn í 1. – 3. bekk en það hefur þurft að takmarka þjónustu við forgangshópa nemenda í 4. bekk vegna aðstöðuleysis. Boðið er upp á dvöl fyrir og eftir skóla. Í vetur voru 66 börn skráð í Frístund en það er breytilegt hvort börnin eru í morgun- og/eða síðdegisgæslu. Ekki er til staðar sérstök aðstaða fyrir Frístund og er starfsemin í opnu rými á jarðhæð skólans auk einnar skólastofu.

Tónlistarskólinn á Egilsstöðum er starfræktur í húsnæði Egilsstaðaskóla.

Vorið 2023 eru 412 nemendur í skólanum og tæp 8% þeirra af erlendum uppruna (báðir foreldrar af erlendum uppruna og börnin tví- /þrítyngd). Í dreifbýli búa 30 nemendur og er skólaakstur af svæði sem er skilgreint skólahverfi Egilsstaðaskóla, þ.e. austan Lagarfljóts.

Í mótuneyti Fljótsdalshéraðs, sem staðsett er í Egilsstaðaskóla, eru eldaðar máltíðir fyrir grunn- og leikskóla sem staðsettir eru á Egilsstöðum og í Fellabæ, hátt í 900 máltíðir á dag.

Egilsstaðaskóli er heilsueflandi skóli og er þátttakandi í Grænfánaverkefni Landverndar. Egilsstaðaskóli hefur unnið eftir Olweusaráætluninni gegn einelti og andfélagslegri hegðun en næsta skólaár hefst innleiðing á **Uppeldi til ábyrgðar** og því unnið að forvörnum og viðbrögðum við einelti í samræmi við verkferla þeirrar hugmyndafræði

Starfsmenn skólans í vetur hafa verið rétt um 100 en nokkrir voru ráðnir tímabundið í lágt stöðuhlutfall forfalla vegna forfalla. Stöðugildi í skólanum eru alls 81,2.



Viðfangsefni mats á skólastarfi 2022 - 2023					Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Viðmót og menning	Nemendur	Mannauður	Aðbúnaðar	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað	
Matsþáttur / hvað kannað		Matsaðilar	Hvenær	Þátttakendur											
Skólalápisinn	Nemendakönnun; lestur, velliðan, ánægja með verkefni í skóla	Skólalápisinn Íslenska æskulýðsranns.	Mai / apríl (4. – 5.b)	Nemendur í 2. – 5. bekk.		x			x						
	Nemendakönnun; Virkni, líðan og heilsa, skóla og bekkjarandi	Skólalápisinn Íslenska æskulýðsranns.	Deilt á 4 skipti yfir veturinn / apríl	Nemendur úr 6.-10.bekk.		x		x	x						
	Foreldrakönnun; Nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða, foreldrasamstarf, heimastuðningur.	Skólalápisinn	febrúar	Úrtak foreldra af öllum stigum skólans		x		x			x				
	Starfsfólk; Starfið, vinnustaðurinn, stjórnun. Kennarar: Starfið, starfið, vinnustaðurinn, stjórnun, starfsumhverfi kennara.	Skólalápisinn/ Hópavinna vegna mótnar fjölskyldustefnu Múlabings /Matshópur	Mars /apríl	Allt starfsfólk svarar könnun í mars. Hópavinna í júní					x		x	x			
Starfsmanna-samtöl	Allir starfsmenn eru boðaðir í starfsmannasamtal til stjórnenda.	Stjórnendur	Mars- maí	Allir starfsmenn	x										
Lesfimi – Orðarún Ýmsar skimanir	Skimunartextar Lesfimi og Orðarúnar eru lagðir fyrir yfir veturinn. Aðrar skimanir eru lagðar fyrir ákveðna árganga s.s. Logos	Umsjónark. Sérkennarar Kennsluráðgjafi	Október Janúar April maí	Nemendur											
Ýmsir viðburðir; framkvæmdamat	Ýmsir viðburðir í skólanum; árs hátíðir, uppbrotsdagar	Stjórnendur, kennarar	Allt skólaárið	Kennarar, annað starfsfólk	x								x		

## Kannanir Skólalápisins og Íslenska æskulýðsrannsóknin

Kannanir Skólalápisins eru lagðar fyrir mismunandi hópa yfir veturinn. Upplýsingarnar sem fást í þessum könnunum nýtast við gerð úrbótaáætlunar fyrir komandi ár. Flestar tölur eru gefnar upp á stöðluðum skala (svk.staðalníur) með meðaltalið 5 og staðalfrávik 2. Tölurnar í myndum eru settar fram þannig að niðurstöður fyrir Egilsstaðaskóla eru grænritaðar og landsmeðaltal á rauðlitaðar. Munur upp á 1,0 stig telst talsverður munur. Einnig er mælt í prósentum. Í fimm ára matsáætlun skólans er tiltekið hvaða atriði og þættir eru kannaðir á hverjum vetri. Sumir þættir eru kannaðir á hverju ári en aðrir sjaldnar (fylgiskjal 1). Sú breyting varð að Skólalápisinn var ekki lagður fyrir nemendur í 1.bekk.


Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) er rannsókn sem Háskóli Íslands framkvæmir fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12.gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Þetta er í fyrsta sinn sem könnunin er lögð fyrir svo marga árganga, þ.e. 4. – 10. bekk, og er markmiðið að safna gögnum um upplifun barna og ungmenna á eigin velferð.



Könnun	Þátttakendur	Lagt fyrir	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi svarenda	Svarhlutfall
Skólapúlsinn	Nemendur 2.-5. b	Apríl 2023	174	156	89,7%
Skólapúlsinn	Nemendur 6.-10.b	4x ¼	188	171	91%
Skólapúlsinn	Starfsmenn	Mars	83	71	85,5%
Skólapúlsinn	Foreldrar	Febrúar	120	87	72,5%
Íslenska æskulýðsrannsóknin	Nemendur 4.-10.bekk	Apríl	273	232	85%

### Skólapúlsinn 2.- 5. bekkur /Íslenska æskulýðsrannsóknin 4. -5. bekkur


Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur í 2.- 5.bekk einu sinni á skólaárinu. Nemendur taka könnunina í íþad og svara 13 spurningum með því að merkja við tákni. Þættir sem eru kannaðir eru ánægja af lestri, ánægja með skólann og vellíðan í skólanum. Í Íslensku æskulýðsrannsókninni svara nemendur í 4. og 5.bekk nokkrum spurningum varðandi líðan í skólanum, aðstæður í skólanum, skólamat og mikilvægi þess að leggja sig fram í skólanum. Þær niðurstöður eru settar fram í töflu hér fyrir neðan.




Vellíðan barna í 2. -5.bekk mælist lítillega undir landsmeðaltali. Tæp 90% svarenda finnst þau oft eða stundum vera örugg í skólanum (mynd 3.5.2) og 60% barnanna finnst vel hugsað um sig. Tæplega 87% finnst þau stundum eða oft vera hamingjusöm.


Börn í 2. – 5. bekk eru nokkuð ánægð með skólann, strákar þó síður en stelpur. Um 85% nemenda í þessum árgöngum segjast stundum eða oft hafa gaman af mörgu í skólanum (mynd 2.5.3) sem er ánægjulegt. Þetta er svipað og síðustu ár. Um helmingi barnanna finnst þau stundum hafa margt að hlakka til og svipaður fjöldi svarar að stundum sé margt spennandi í skólanum. Ástæða er til að fara betur ofan í þessi svör og leita leiða til að auka ánægju barnanna af starfinu í skólanum. Í Íslensku æskulýðsrannsókninni vekur athygli hve mörgum börnum í 4. og 5.bekk finnst þau vera þreytt í skólanum (sjá töflu fyrir neðan) og hve mörgum finnst vera trúflandi hávaði í kennslustofunni. Ánægja af lestri eru nokkuð undir landsmeðaltali en þar er munur á milli

2.5.3 Þegar ég er í skólanum finnst mér ég hafa gaman af mörgu\*



1.5.1 Hvað finnst þér um að lesa þér til gamans heima?\*





árganga. Það eru þó aðeins 12% barnanna í þessari könnun sem finnst mjög leiðinlegt að lesa heima (mynd 1.5.1) og 7,4% sem finnst mjög leiðinlegt að lesa í skólanum (mynd 1.5.2). Mikilvægt er að góð samvinna sé á milli heimilis og skóla um að hvetja börn til lesturs og skiptir miklu að

pau nái sem bestum tókum á lestri á fyrstu árum grunnskólagöngunnar þar sem það hefur mikið að segja um það hvernig barnið tekst á við námið þegar lengra dregur.<sup>1</sup>


Nokkur atriði sem spurt er um í Íslensku æskulýðsrannsókninni (borið er saman við önnur landsvæði. Austurland er þar utan við)

Árgangur	Spurning	Egilsstaðaskóli		Önnur landsvæði	
4. bekkur	Finnst þér þú vera þreytt/ur í skólanum	Stundum/oft 81,1%	Sjaldan 18,9%	Stundum/oft 71,1%	Sjaldan 28,9%
5. bekkur		Stundum/oft 65,7%	Sjaldan 34,3%	Stundum/oft 76,5%	Sjaldan 23,5%
4. bekkur	Finnst þér mikilvægt að leggja þig fram í skólanum?	Alls ekki/ ekki mjög mikilvægt 19%	Frekar/mjög mikilvægt 81%	Alls ekki/ ekki mjög mikilvægt 7,1%	Frekar/mjög mikilvægt 92,9%
5. bekkur		Alls ekki/ ekki mjög mikilvægt 2,9%	Frekar/mjög mikilvægt 97,1%	Alls ekki/ ekki mjög mikilvægt 12%	Frekar/mjög mikilvægt 87,9%
4. bekkur	Hversu oft er truflandi hávaði í kennslustofunni?	Aldrei /sjaldan 13,9%	Stundum /oft 86,1%	Aldrei /sjaldan 20,5%	Stundum /oft 79,4%
5. bekkur		Aldrei /sjaldan 11,5%	Stundum /oft 88,6%	Aldrei /sjaldan 21,2%	Stundum /oft 78,8%

Nokkur munur er á sumum svörum barna í Egilsstaðaskóla og svörum barna utan Austurlands. Börn í 4. bekk í Egilsstaðaskóla eru oftast þreytt en jafnaldrar, stærri hluta þeirra finnst ekki mikilvægt að leggja sig fram í skólanum og fleirum finnst stundum eða oft vera truflandi hávaði í kennslustofunni. Vinna þarf með þessi þætti og fleiri á næsta skólaári.

### Skólalýðsinn og Íslenska æskulýðsrannsóknin í 6. – 10. bekk

Í könnun Skólalýðsins eru kannaðir eftirfarandi þættir: Virkni nemenda, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi. Í Íslensku æskulýðsrannsókninni er spurt um ýmsa þætti s.s. líðan í skólanum, þreytu, hreyfingu, einelti, lestur o.fl. Þættir sem snúa að ánægju af námi, trú á eigin





<sup>1</sup> <https://lesvefurinn.hi.is>

[https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/gaman\\_ad\\_lesa.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/gaman_ad_lesa.pdf)


vinnubrögðum og námsgetu eru neikvæðir. Ánægja þessara barna af lestri minnkar frá ári til árs (mynd 1.1) og er það í samræmi við þróun á landsvísu.

Niðurstöðurnar koma í sjálfu sér ekki á óvart í ljósi umræðu um dvínandi áhuga barna á lestri. Margar rannsóknir hafa sýnt mikilvægi þess að ná góðum tókum á lestri þar sem lestrarfærni er grundvöllur að því að ná árangri í námi almennt. Sjá tilvísun hér að framan.



Þó er jákvætt að sjá að um 65% barna eru ósammála því að lestur sé tímasóun (1.1.5) og litlu færri eru ánægð ef þau fá bók að gjöf (mynd 1.1.4)



Niðurstöður úr Íslensku æskulýðsrannsókninni eru í sama dúr. Þar er spurt hvort börnin lesi í frítíma sínum af því að þau langi til þess. Umtalsvert færri nemendur í Egilsstaðaskóla lesa daglega í frítíma sínum en samanburðarhópar.




Áhugi á stærðfræði fer dvínandi og er það í samræmi við þróun á landsvísu. Þó breikkar bilið heldur og hallar á Egilsstaðaskóla (mynd 1.3). Litlu munar á svörum stráka og stelpna.




Þrautseigja nemenda í námi minnkar milli ára og um 40% þeirra halda stundum eða aldrei áfram þó efnið sé erfitt (1.2.2). Strákar virðast hafa minni þrautseigju en stelpur en báðir hópar eru undir landsmeðaltali (1.2).



1.2.2 Þegar ég læri þá held ég áfram jafnvel þó efnið sé erfitt.



1.2. Prautseigja í námi – Kyn\*



Mikilvægt er að nemendur þrói með sér seiglu til að takast á við krefjandi verkefni en nokkuð virðist skorta á úthald þeirra.

Svör við spurningum sem mæla trú á eigin vinnubrögðum benda til að þriðjungur nemenda telji sig eiginlega ekki eða alls ekki geta einbeitt sér í kennslustundum, skipulagt nám sitt og munað upplýsingar sem þau fá í kennslubókum og úr námsbókum.

Börn í Egilsstaðaskóla hafa svipað sjálfsálit og samanburðarhópar og um 80% þeirra telja sig hafa marga góða eiginlega og vera jafn mikils virði og aðrir. telja sig hafa marga góða eiginlega og vera jafn mikils virði og aðrir.


Vellíðan barna mælist yfir landsmeðaltali og stelpum líður heldur betur en jafnöldum á landinu. Þetta er í samræmi við niðurstöður úr *Íslensku æskulýðsrannsókninni* en þar kemur fram að á bilinu 76-93% nemenda í Egilsstaðaskóla líður vel í skólanum. Það er í flestum árgöngum svipað og mælist á öðrum landsvæðum og mælist ánægjan mest í 10.bekk, 93% svara að þeim líki mjög vel eða þokkalega í skólanum.



Útfrá niðurstöðum *Skólapúl síns* er einelti minna en í samanburðarhópum og í nær öllum árgöngum svipuð niðurstaða í *Íslensku æskulýðsrannsókninni*.

Börn í Egilsstaðaskóla hreyfa sig meira en jafnaldrar og er í samræmi við niðurstöður undanfarinna ár.

Heldur færri samsama sig nemendahópnum en í síðustu könnun en þó eru 85% svarenda sammála eða mjög sammála því að þeir tilheyri hópnum.



Samband nemenda við kennara er svipað og yfir landið. Niðurstöður úr báðum könnunum sýna þá niðurstöðu. Í Skólapúl sínum eru 83,5% nemenda sammála eða mjög sammála því að flestir kennarar séu sanngjarnir við þá (3.2.5)

Nemendum í Egilsstaðaskóla finnst agi í kennslustundum vera minni en jafnöldrum á landinu og í niðurstöðum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar svarar um þriðjungur nemenda að það sé alltaf eða oft truflandi hávaði í kennslustundum. Þær niðurstöður eru reyndar yfirleitt í samræmi við



samanburðarhópa að undanteknum einum árgangi þar sem innan við 10% nemenda finnst truflandi hávaði.

Tíðni leiðsagnarmats í Egilsstaðaskóla hefur aukist og virkni nemenda í kennslustundum er svipuð og jafnaldra. Skólinn hefur undanfarin ár lagt áherslu á að auka virkni nemenda og frá 2021 hafa kennarar skólans tekið þátt í námskeiði um leiðsagnarnám sem stýrt er frá Háskólanum á Akureyri. Síðasti hluti námskeiðsins er á næsta skólaári.


Með tilkomu *Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar* hefur bæst við upplýsingar um afstöðu nemenda til skólastarfsins. Þau gögn munu nýtast á næstu árum til að vinna markvissar úrbótaáætlanir á skólastarfinu með áherslu á farsæld nemenda.

### Skólalýsingin – Foreldrar og forráðamenn

Foreldrakönnun Skólalýsingin er send út í byrjun febrúar. Svarhlutfall var aðeins 72,5% en best svörun var meðal foreldrar barna í 1. – 4. bekk.


Nokkrar breytingar urðu á niðurstöðum frá fyrra ári. Foreldrar eru nú ánægðari með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda. Tæplega 78% svarenda telja verkefni, sem barnið fær í skólanum, hæfilega þung en 16% álíta þau of létt.

Mun fleiri foreldrar telja að agi í skólanum sé of lítil eða 46% (mynd 1.4.1). Foreldrar stelpna telja frekar að agi sé of lítil en foreldrar stráka.



Foreldrar eru almennt ánægðir með samskipti við starfsfólk skólans og tæp 90% svarenda telja að

2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt – Kyn\*




nemendum líði vel í skólanum. Fleiri álíta að börnum þeirra líði vel í frímínútum eða 92,6% (mynd 2.5)

Þegar spurt er um umfang eineltis svara 71% foreldra að þeirra barn hafi ekki orðið fyrir einelti og 9,6%

vita ekki hvort svo sé. Foreldrar 10 barna merkja við að þau hafi orðið fyrir einelti á yfirstandandi skólaári. Átta svarendum þykir frekar eða mjög seint hafa verið brugðist við eineltinu af hálfu skólans en jafn margir eru mjög eða

3.2. Ánægja foreldra með máltíðir í mataráskrift – Kyn\*



frekar ánægðir með hvernig var tekið á eineltinu af hálfu skólans.

Meirihluti foreldra er ánægður með aðstöðuna í skólanum mikil ánægja er með máltíðir sem boðið er upp á í mótuneytinu (mynd 3.2). Tæplega 99% svarenda nýta sér mataráskrift fyrir barn sitt og er það nokkuð fleiri en yfir landið.



Kennarar í Egilsstaðaskóla hafa meira frumkvæði að foreldrasamstarfi en í skólum af svipaðri stærð og 63% svarenda kannast við að leitað sé eftir tillögum og hugmyndum varðandi ákvarðanir sem varða barnið. Nokkuð fleiri segja að ábendingarnar séu teknar til greina. Spurt er um hvort foreldrar séu upplýstir um stefnu skólans og námskrá og einungis tæp 62% telja að svo sé. Þar er því verk að vinna af hálfu skólans.

Þeim fjölgar sem hafa væntingar um að barnið þeirra velji iðnám að loknum

grunnskóla en að sama skapi eru færri foreldrar sem vonast til að barnið velji háskólanám. Svör foreldra í Egilsstaðaskóla hafa verið talsvert undir landsmeðaltali undanfarin ár.

Í opnum svörum koma fram ýmis sjónarmið og ábendingar foreldra varðandi skólastarfið. Margar þeirra lúta að áhyggjum foreldra af agaleysi en einnig eru jákvæð og hvetjandi skilaboð til starfsfólks skólans.

## Starfsfólk

Egilsstaðaskóli er stór vinnustaður miðað við aðra í sveitarfélaginu. Ríflega 500 manns á aldrinum 5 – 70 ára starfa þar saman á starfstíma skólans.

Skólaárið 2022- 2023 störfuðu um 100 einstaklingar við Egilsstaðaskóla, í misháu starfshlutfalli, allt frá 30 – 100%, alls 81,2 stöðugildi. Ráða þurfti starfsfólk inn tímabundið vegna afleysinga m.a. vegna langtímaveikinda.

Nýtt stjórnendateymi tók við haustið 2022, nýr skólastjóri og nýr aðstoðarskólastjóri voru ráðnir og fyrirkomulagi deildarstjórnar breytt lítillega.



Þau gögn sem liggja til grundvallar mati á líðan starfsfólks og afstöðu til vinnustaðar og starfs eru fyrst og fremst:


Starfsmannasamtöl	Stjórnendur boða starfsfólk í starfsþróunarsamtöl á vormánuðum. Starfsfólk undirbýr sig samtalið með því að fylla út eyðublað.
Hópavinna vegna gerðar Fjölskyldustefnu Múlþings	Á starfsdegi í júní ræddi starfsfólk ákveðin atriði sem tengjast gerð FM.

**Skólapúlsinn**


Starfsfólk svarar könnun Skólapúlsins í mars. Þar er spurt um starfið, vinnustaðinn, stjórnun og kennarar fá sérstakar spurningar varðandi kennarastarfið, starfsumhverfi og símenntun.

Þeir þættir í Skólapúlsinum sem ástæða er til að skoða nánar varða afstöðu fólks til starfsins, vinnustaðarins og stjórnunar. Vinnuálag fer vaxandi að mati starfsfólks, óskýrleiki er um hlutverk aðila innan vinnustaðarins og ljóst er að skýra þarf verksvið (myndir 1.2 og 1.2.2)

1.2. Skýrleiki hlutverks – Kennarar og annað starfsfólk\*




1.2.2 Veistu hvað fellur undir þína ábyrgð?\*



Vinnuálag hefur aukist að mati starfsfólks (mynd 1.1.). Í opnum svörum í könnuninni skrifaði starfsfólk ýmsar ábendingar og m.a. varðandi þá þætti sem valda auknu álagi.


- Meiri aðlögun námsefnis fyrir nemendur (námsefnisgerð, dagsskipulag, samráð við sérkennara o.fl.)
- Þyngri agamál
- Fjöldi skimunarlista og upplýsinga til skólajónustu / sálfræðinga auk skilafunda.
- Fjölgun samráðsfunda vegna mála einstakra nemenda.
- Álag vegna veikinda starfsfólks og nemenda.

1.1. Vinnuálag – Kennarar og annað starfsfólk\*



Þó nokkur forföll voru hjá starfsfólki vegna veikinda og ljóst að það hefur íþyngjandi áhrif á samstarfsfólk þar sem vinnan færir þá á þeirra herðar. Aðeins er ráðið afleysingafólk þegar um langtímaveikindi er að ræða en reynt hefur erfitt að manna stöður, bæði kennarastöður, stöður náms- og starfsráðgjafa og stöður almenns starfsfólks þegar auglýst hefur verið í tímabundin störf.


1.3.2 Eru þér falin verkefni án þess að þú fái viðeigandi úrræði til að leysa þau?\*



Um 70% þeirra sem svara telja sig stundum/fremur eða mjög oft fá verkefni, án viðeigandi úrræða til að leysa þau (mynd

1.3.2). Starfsfólk Egilsstaðaskóla telur sig hafa minni leikni í starfi en samanburðarhópar (mynd 2.1) en það kemur ekki á óvart sé horft til svara á mynd 1.3.2.



2.1. Leikni í starfi – Kennarar og annað starfsfólk\*



Mikilvægt er að greina betur hvaða áskoranir starfsfólk er að takast á við og leita lausna í samvinnu við stjórnendur og fræðsluyfirvöld sveitarfélagsins.

Starfsandi fer versnandi, sérstaklega á meðal almenns starfsfólks (mynd 3.1). Hluti skýringa á því kann að vera að ágreiningur vegna uppsagnar á hefð varðandi vinnutíma almenns starfsfólks en það fékk bréf með uppsögn þ. 1. febrúar sl.


Könnunin var lögð fyrir 1. mars og þá var enn óvíst um málalýktir. Þetta mál hafði áhrif á starfsandann en óánægja var vegna framkvæmdarinnar.




Einelti mælist undir landsmeðaltali meðal starfsfólks Egilsstaðaskóla en þó svara 12% að 1 eða 2 í starfsmanna-hópnum verði fyrir einelti. Einn aðili telur sig verða fyrir kynferðislegu áreiti. Nauðsynlegt er að koma af stað umbótum til að bæta starfsandann og koma í veg fyrir óæskilega hegðun á vinnustaðnum (mynd 2.4).

Þegar spurt er um stuðning frá næsta

yfirmanni mælist svörun undir landsmeðaltali (mynd 4.1). Nokkur munur er þar á milli stiga og skýringin að einhverju leyti forföll í stjórnenda- og starfsmannahópnum. Það breytir því þó ekki að mikilvægt er að leita leiða til að hlúa betur að starfsfólki skólans til að auka starfsánægju.




Ánægja kennara í Egilsstaðaskóla með starfið er minni en samanburðarhópa (mynd 5.1) og um þriðjungur þeirra sem svara telja sig hafa minni eldmóð en þegar þeir byrjuðu að kenna. Svipað hlutfall telur kennarahópin í skólanum ekki ánægðan í starfi. Þarna er þó nokkur munur á milli aldursstiga. Trú kennara í skólanum á eigin getu er minni en samanburðarhópa og er í samræmi við




svörin um ánægju í starfi. Þriðjungur svarenda eru ósammála því að þeir geti náð árangri með erfiðustu og áhugalausustu nemendurna (mynd 5.1.1). Aukin áhersla á aðlagast

5.2.3 Ég get náð árangri með erfiðustu og áhugalausustu nemendurna\*




námsefni og sérúrræði kann þarna að hafa áhrif en kennarar hafa bent á skort á úrræðum





fyrir nemendur sem hafa lítinn áhuga á námi og skort á starfsfólki til að sinna þessum nemendum. Margir kennarar telja sig þurfa meiri ráðgjöf frá sérfræðingum til að leiðbeina þeim með vinnu með nemendum sem eiga í erfiðleikum með nám (6.1.3) Enn fleiri álíta sig vanta stuðning vegna hegðunarörðugleika nemenda.

Kennarar í Egilsstaðaskóla undirbúa kennslu að miklu leyti í skólanum og á það við um kennara á öllum aldursstigum. Í skólanum er áhersla á teymiskennslu en þá vinna tveir eða þrír umsjónarkennarar saman með árgang. Þetta veitir möguleika á því að sinna smærri hópum í samræmi við verkefnin hverju sinni en almennt er ekki raðað í hópa eftir námsstöðu. Mikil áhersla er á einstaklingsvinnu í árgöngum, sér í lagi á elsta stigi. Kennarar nota fjölbreyttar leiðir við námsmat og lítil áhersla er orðin á próf til að kanna stöðu nemenda.



Þátttaka kennara í símenntun er svipuð og samanburðarhópa en hefur minnkað frá fyrra ári. Í Covid-faraldrinum opnuðust fleiri möguleikar en áður á símenntun á netinu og þá fjölgaði mjög símenntunardögum hjá kennurum í Egilsstaðaskóla. Lengi hefur verið kallað eftir því að ýmis fræðsla væri aðgengileg fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins og nú er mun oftast boðið upp á streymi frá ráðstefnum og/eða rafrænni þátttöku í námskeiðum. Það er því mikið framfaraskref. Tæp 84% svarenda telja sig hafa þörf fyrir símenntun á sviði hegðunar- og agamála, rúm 88% í kennslu nemenda með sérþarfir eða sérstakan stuðning og um 85% í kennslu í fjölmenningsumhverfi. Mikilvægt er að sveitarfélagið standi fyrir námskeiðum og fræðslu varðandi þessa þætti eða að starfsfólki sé gert kleift að afla sér símenntunar á þessum sviðum og fleirum.

Í úrbótaáætlun innra mats verður fjallað um þá þætti sem hér hafa verið kynntir og því lýst hvernig ráðast á í umbætur á næsta skólaári.

## Þróunarstarf - skimanir

Kennarar sátu námskeið um leiðsagnarnám í samstarfi við HA og aðra skóla í Múlaþingi, og luku í vor öðru ári innleiðingarferlis. Síðasti hluti námskeiðsins er á dagskrá á næsta skólaári.

Innleiðing rafrænna kennsluhátta hélt áfram og sl. haust var ráðinn verkefnisstjóri rafrænna kennsluhátta í 50% starf. Nemendur í 7.bekk fengu til umræða spjaldtölvur og nemendur í 8.-10. bekk fengu fartölvur. Í kjölfarið hafa verkefnaskil færst að miklu leyti yfir í rafræn skil, þ.e. nemendur skila flestum verkefnum á Teams. Áætlanir, verkefnalýsingar og ýmsar upplýsingar eru settar á Teams og því ávallt aðgengilegar fyrir nemendur á netinu. Stefnt er að því að á næsta skólaári fái nemendur í 6.bekk einnig spjaldtölvur til afnota. Breytingar á kennsluháttum gerast hægt og sígandi og mikilvægt að innan skólans sé starfsmaður sem getur leiðbeint starfsfólki og nemendum og sinnt viðhaldi tækjanna. Margvíslegar áskoranir fylgja einnig í kjölfarið en tilkoma gervigreindar mun kalla á nýja nálgun í skólastarfinu, ekki síst hvað varðar námsmat.




Þessi áhersla rafræna kennsluhætti breytir því þó ekki að nemendur þurfa að skila verkefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt, í margskonar efniviði. Meðfylgjandi eru myndir af verkefnum nemenda um fæðukeðjuna og ljóstillífun.



Áfram er kennt samkvæmt aðferðum *Byrjendalæsis*. Meginmarkmið aðferðarinnar er að góður árangur náist í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Gengið er út frá því að börn þurfi að fá lesefni sem kveiki áhuga þeirra og því er margskonar textar lagðir til grundvallar lestrarkennslunni. Í öllum árgöngum er ætlaður tími daglega fyrir yndislestur. Á hverjum vetri eru lagðar fyrir skimanir og próf sem mæla bæði lesskilning og lestrarhraða.

Skimanir / próf	Árgangar	Tímasetningar
Menntamálastofnun/lesferill	1.– 10. bekkur	september, janúar, maí
Skólabjónustan - Logos	3.,6. og 9.bekkur	janúar / október/ september
Orðarún	5. og 8.bekkur	nóvember

Í niðurstöðum lesfimiþróa sést að 6 af 10 árgöngum í Egilsstaðaskóla eru samhliða eða yfir landsmeðaltali í mælingu lesinna orða. Annar, þriðji og fjórði bekkur eru undir landsmeðaltali og það þarf að rýna sérstaklega enda þótt þarna sé einungis verið að mæla leshraða og taka þarf tillit til fleiri þátta. Lesskilningur er kannaður með könnunarprófunum Orðarún og Skólabjónusta Múlabings leggur Logos-skimunarpróf fyrir nemendur í þriðja bekk og eftir þörfum í



6. og 9.bekk.

Það er með lestur eins og aðra færni, sem við tileinkum okkur; þjálfun er mikilvægasta verkfærið og skiptir miklu máli að heimili og skóli styðji börnin við að ná sem bestum tókum á lestri.

Tveir kennarar á yngsta stigi sóttu námskeið Menntafléttunnar um talna- og aðgerðaskilning á yngsta stigi. Þátttakendur upplýstu aðra kennara á stiginu um efni námskeiðsins og allir prófuðu aðferðirnar sem kynntar voru.

Undanfarin ár hefur skólinn verið í innleiðingarferli Grænfánans en í vetur lá það starf niðri.

### Samstarf við aðila utan skólans

Egilsstaðaskóli er í samstarfi við fjölmarga aðila utan skólans. Þetta samstarf styður við skólastarfið og eykur möguleika á að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.

Í meðfylgjandi töflu er gerð tilraun til að gefa innsýn í það samstarf sem skólinn á við ýmsa aðila utan skólans.

Aðilar	Tengsl	Verkefni
Félagsmiðstöðin Nýung	Starfsmenn koma í skólann og ræða við nemendur.	Ýmis fræðsla, skemmtanir, skipulag Forvarnadags að vori.
Tónlistarskóli Fljótsdalshéraðs	Aðkoma að árs hátíðum skólans og viðburðum yfir skólaárið.	Kennarar og nemendur tónlistarskólans taka þátt í árs hátíðum skólans með þjálfun og undirspili. Auk þess spila nemendur við ýmis önnur tækifæri.
ALL-teymið	Reglulegir vinnu- og fundadagar í skólanum samkvæmt skipulagi. Tengill á dagatal ALL	Funda og vinna með starfsfólki og foreldrum vegna málefna einstakra nemenda
Skólaþjónusta og félagsmálasvið Múlaþings	Sálfræðingar og kennsluráðgjafi koma í skólann vegna málefna einstakra nemenda og framkvæmd skimana.	Kennsluráðgjafi leggur fyrir skimanir, bæði fyrir árganga og einstaka nemendur. Sálfræðingar leggja fyrir matslista og vinna að málefnum nemenda.
HSA	Skólahjúkrunarfræðingar hafa viðveru í skólanum.	Tveir skólahjúkrunarfræðingar hafa sinnt helstu verkefnum eftir því sem mögulegt hefur verið. Nemendum er vísað til þeirra í samtöl en einnig eru föst verkefni í árgöngum, s.s. fræðsla um sjálfsmynd, bólusetningar, mælingar auk þess sem hjúkrunarfræðingar sitja í Nemendaverndarráði.
Íþróttafélagið Höttur	Fylgd í íþróttahús / starfsfólk Frístundar.	Höttur fór af stað með tilraunaverkefnið Allir með haustið 2022. Nemendur í 1. og 2.bekk prófuðu ýmsar íþróttagreinar. Starfsfólk Frístundar var fengið til að fylgja nemendum / hópum í íþróttahúsið á ákveðnum tímum.
Fyrirtæki í sveitarfélaginu	Taka nemendur í starfsnám og annast námskeiðahald.	Nemendur á unglingsstigi geta verið í starfsnámi að hluta. Samið var við fyrirtæki um að halda valnámskeið fyrir nemendur á unglingsstigi.
Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs	Tekið á móti nemendum vegna ákveðinna verkefna.	Nemendur sækja sýningar í MMF.
Minjasafn Austurlands	Nemendum boðið í safnið.	Safnakennsla á vegum MA.

Leikskólinn Tjarnarskógur	Unnið samkvæmt samstarfsáætlun skólanna. <a href="https://www.egilsstadaskoli.is/static/files/hagnytt/samstarf-vid-leikskolann-2014-15.pdf">https://www.egilsstadaskoli.is/static/files/hagnytt/samstarf-vid-leikskolann-2014-15.pdf</a>	Skólaheimsóknir 2 – 3 sinnum til að undirbúa verðandi nemendur.
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Nemendur Egilsstaðaskóla geta tekið fyrstu áfanga í grunngreinum.	Nemendur sem eru mjög vel stödd í námi hafa getað tekið grunnáfanga í kjarnagreinum í ME.
Vatnajökulsþjóðgarður	Fræðsla fyrir nemendur	Að vori fer 5. bekkur í heimsókn í Snæfellsstofu.

Stóra upplestrarkeppnin var haldin eftir áramót og fór lokahátíð norðursvæðis Austurlands fram í mars. Nemendur úr Egilsstaðaskóla tóku þátt í lokahátíðinni og hreptu þrjú efstu sætin.

### Styrkleikar og veikleikar

Gagnaöflun um starf Egilsstaðaskóla fer fram á margvíslegum vettvangi. Reynt er að greina gögnin og nýta þau til að gera tillögur að úrbótum í skólastarfinu. Hér fyrir neðan eru talin upp nokkur atriði sem teljast annars vegar styrkleikar og hins vegar veikleikar í skólastarfinu.

Styrkleikar skólastarfsins	Veikleikar skólastarfsins
Flestum börnum í 5.bekk finnst frekar eða mjög mikilvægt að leggja sig fram í skólanum.	Meirihluta barna í 4. bekk (86%) og 5.bekk (87%) finnst stundum eða oft vera truflandi hávaði í kennslustofunni.
Börnum í 6. – 10.bekk líður almennt betur í skólanum en jafnöldum.	Færri nemendur í Egilsstaðaskóla (6. -10.bekkur) lesa daglega í frítíma sínum en samanburðarhópar.
Einelti í Egilsstaðaskóla mælist minna en í samanburðarskólum.	Áhugi barna í 6.- 10.bekk á stærðfræði er minni en í samanburðarhópum.
Börn í Egilsstaðaskóla (6.-10.bekk) hreyfa sig meira en jafnaldrar á landinu.	Starfsfólk Egilsstaðaskóla telur vinnuálag nokkuð meira en í samanburðarhópum.
Ánægja foreldra með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda er meiri en í síðustu könnun.	Börnum og foreldrum finnst agi í kennslustundum/skólanum minni en svarendum í samanburðarhópum.

### Samantekt

Styrkleikar í skólastarfi Egilsstaðaskóla eru margir. Þar má nefna að nemendum líður almennt vel í skólanum, bæði í kennslustundum og í frímínútum og samband nemenda og kennara er yfirleitt gott. Veikleikar skólastarfsins eru t.d. þeir að kennurum og starfsfólki finnst ekki nægur stuðningur vegna nemenda með náms- og hegðunarörðugleika. Agi þykir ekki nægur í skólanum og nemendum þykir

of mikil truflun og hávaði í kennslustundum. Minnkandi áhugi er meðal nemenda á lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Áhersla þarf að vera á að styðja bæði við starfsfólk og nemendur til að breyting geti orðið á til batnaðar.

Mat á skólastarfi er mikilvægur þáttur í því að greina styrkleika og veikleika skólastarfsins og gera áætlanir um úrbætur. Mikilvægt er að bregðast við þeim þáttum með aðgerðum sem settar eru niður í úrbótaáætlun skólans næsta skólaár.

Skýrsla þessi verður kynnt starfsfólki, nemendum, skólaráði og fræðsluyfirvöldum.

## Fylgiskjal 1

# Egilsstaðaskóli



## Fimm ára matsáætlun 2023-2029

Samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla skal hver skóli meta árangur og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Matið skal vera tengt markmiðum skólans og aðferðir skulu taka mið af sérstöðu skólans og þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Gagnaöflun innra mats á skólastarfi í Egilsstaðaskóla byggir m.a. á þátttöku skólans í Skólapúlsinum og Íslensku æskulýðsrannsókninni. Í kjölfar kannana berast stjórnendum upplýsingar um matsþætti sem kanna virkni nemenda, líðan þeirra og skóla- og bekkjaranda. Starfsmannakönnun Skólapúlsins fer fram í mars á ári hverju og niðurstöður hennar berast skólanum í byrjun apríl. Foreldrakönnunin er framkvæmd í febrúar ár hvert. Könnunin er gerð meðal foreldra barna á öllum aldurstigum skólans. Könnuninni svara 120 foreldra líkindaúrtak. Að auki eru ýmis gögn nýtt s.s. upplýsingar úr starfsmannasamtölum, hópavinna á starfsdögum, samtekt skólapinga, þegar þau eru haldin o.fl.

Niðurstöður innra mats skólans eru birtar í matsskýrslu sem kynnt er að hausti. Þær eru kynntar í skólaráði, fjölskylduráði Múlaþings og fyrir starfsfólki. Það er gert með eftirfarandi hætti. Skýrslunni er dreift til fulltrúa í fjölskylduráði og skólaráði og fylgt eftir með kynningu á fundum þessarra ráða. Foreldrum eru kynntar helstu niðurstöður í fréttabréfi. Starfsmönnum eru kynntar helstu niðurstöður á starfsmannafundum. Matsskýrsla skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans og einnig matsáætlun, úrbótaáætlun og upplýsingar um matshóp skólans.

Hér fyrir neðan eru viðfangsefni mats á skólastarfi í Egilsstaðaskóla og hvaða viðfangsefni eru í brennidepli á hverju skólaári.

	2023 - 2024	2024- 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027- 2028
Skólanámskrá t.d. stefna, markmið, inntak náms og námsmat					
Starfsáætlun, t.d. skipulag, verkferlar og stoðþjónusta					
Nám og námsárangur					
Nemendur t.d. líðan, þarfir, starfsandi og samstarf					
Kennsla - Kennsluhættir, fagmennska					
Starfsfólk t.d. líðan, starfsandi og samstarf					
Stjórnun					
Viðmót og menning skóla					
Aðbúnaður, vinnuaðstaða					
Samstarf heimila og skóla					
Ytri tengsl t.d. við önnur skólastig og nærsamfélagið					
Umbótaáðgerðir / þróunarstarf					

## Úrbótaáætlun vegna matsskýrslu Egilsstaðaskóla fyrir skólaárið 2022 – 2023.

<b>Verkefni:</b>	<b>Markmið:</b>	<b>Leiðir:</b>	<b>Ábyrgð á framkvæmd:</b>
Færri nemendur í Egilsstaðaskóla (6. - 10. bekkur) lesa daglega í frítíma sínum en samanburðarhópar.	Auka ánægju barna af lestri þannig að skólinn nái landsmeðaltali hið minnsta.	Í skólanum sé til fjölbreyttur bókakostur. Bækur séu kynntar fyrir nemendum; nýjar bækur, bókaflakkar, bókaáriðir. Þróunarhópar um læsi og íslensku ræði á hvaða hátt er hægt að auka lestraránægju og geri tillögu að leiðum. Kynna leiðir til að þjálfala lestur og nefnuhraða fyrir foreldrum & forráðamönnum, t.d. með fréttabréfum frá þróunarhópum. Vinna á fjölbreyttan og skapandi hátt með efni bóka. Horfa til þess að fjölga notalegum svæðum í skólanum þar sem hægt er að lesa. Miðla fræðslu milli kennara árganga um hvað gengur vel. Ræða um markmið og leiðir í yndislestrarstundum.	Umsjónarkennarar / íslenskukennarar / þróunarhópar / bókavörður/heimili
Ánægja barna í 6. -10. bekk af stærðfærði er undir landsmeðaltali	Auka ánægju af stærðfræði.	Fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat. Verklegr stærðfræði. Tryggja samfellu milli stiga og árganga þannig að markvisst sé byggt undir þekkingu og færni. Miðla aðferðum milli árganga og stiga.	Stærðfræðikennar / deildarstjórar
Nokkuð stór hópur nemenda segist stundum eða aldrei halda áfram þó að efnið sé erfitt.	Auk seiglu nemenda.	Hafa markmið námsins sýnileg og ræða það við nemendur. Byggja jafnt og þétt undir færni nemenda til að takast á við verkefni. Kynna fjölbreyttar leiðir í námstækni fyrir nemendum og hjálpa þeim að nýta sér þær í námi.	Umsjónarkennarar / náms- og starfsráðgjafi
Börnum og foreldrum finnst agi í kennslustundum /skólanum minni en svarendum í samanburðarhópum.	Foreldrum / forráðamönnum þyki agi í skólanum nægilega mikill (nái amk landsmeðaltali)	Skólareglur og viðbrögð við agabrotum þurfa að vera skýr og öllum ljós. Kennarar upplýsi foreldra ávallt um hegðun barns og ástundun þannig að foreldrar geti fylgst með framvindu og gripið inn í ef þarf. Leiðtogaáráð hefur tekið til starfa og hefur það markmið að efla jákvæða leiðtoga, vinna með góð samskipti og bæta skólabrag.	Skólastjórnendur / Foreldrafélag / foreldrar Kennarar og aðrir starfsmenn
Meirihluta barna í 4. bekk (86%) og 5. bekk (87%) finnst stundum eða oft vera trúflandi hávaði í kennslustofunni.	Minna hávaða í kennslustundum.	Mæling á hljóðvist fari fram. Kannað sé hvort hægt er að setja upp hljóðmælingu þannig að skýrt sé hvenær hávaði fari yfir ákveðin mörk. Námshópum sé skipt upp í minni vinnuhópa þegar það er mögulegt.	Skólastjórnendur / kennarar